

Föstudaginn 26. apríl 1996.

Nr. 150/1995.

Landsbanki Íslands

(Ólafur Garðarsson hrl.)

gegn

Margréti Þóru Vilbergsdóttur

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

og gagnsök

Fjármögnunarleiga. Sjálfskuldarábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarkús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1995, en samkvæmt yfirlýsingu hans hefur nafni Lindar hf., sem var stefnandi málsins í héraði, verið breytt í Landsbanki Íslands, eignarleiga. Krefst aðaláfrýjandi þess aðallega, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér 8.162.185,86 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. ágúst 1993 til greiðsludags með sama hætti og greinir í héraðsdómi, allt að frá dregnum 4.200.000 krónum. Til vara krefst aðaláfrýjandi greiðslu á 3.474.942,69 krónum með dráttarvöxtum frá 16. apríl 1994 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1995. Hún krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en um málskostnað, en til vara, að varakröfu aðaláfrýjanda verði vísað frá dómi og hún aðeins dæmd til að greiða lægri fjárhæð en hann krefst í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu er ekki áfrýjað, að því er varðar Guðmund Guðnason, sem var gert með hinum áfrýjaða dómi að greiða aðaláfrýjanda fyrrgreinda aðalkröfu hans fyrir Hæstarétti.

I.

Með yfirlýsingu 15. apríl 1992 gekk gagnáfrýjandi í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu leigu, dráttarvaxta, innheimtukostnaðar og alls tilfallandi kostnaðar vegna leigumunar samkvæmt fjármögnunar-

leigusamningi, gerðum 15. apríl 1992, milli Lindar hf. og Guðmundar Guðnasonar um hópferðabifreiðina R 1542 af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1979. Segir í yfirlýsingunni, að samningurinn beri enga nafnvexti og sé gerður til 60 mánaða. Enn fremur, að ábyrgð gagnáfrýjanda nái til „þeirra viðauka og skuldbreytinga, sem á samningnum kunna að verða“. Í yfirlýsingunni er ekki greint frekar frá efni samnings Lindar hf. og Guðmundar eða vísað til hans með nánari hætti en að framan segir.

Samningur um leigu á fyrrnefndri bifreið var gerður milli Lindar hf. og Guðmundar Guðnasonar 15. maí 1992. Átti heildarleigan að verða 5.666.085 krónur, sem leigutaka bar að inna af hendi með mánaðarlegum greiðslum á tímabilinu frá 15. júní 1992 til loka leigutímans 15. maí 1997. Mánaðarlegu greiðslurnar áttu að taka breytingum samkvæmt lánskjaravísitölu frá grunnvísitölu við gerð samningsins. Hinn 4. maí 1993 gerðu sömu aðilar að nýju samning um sömu bifreið, en samkvæmt honum átti heildarleigan að verða 6.862.215 krónur, sem leigutaka bar að standa skil á með mánaðarlegum greiðslum á tímabilinu frá 15. maí 1993 til 15. apríl 1997. Báðir samningarnir voru ritaðir á sams konar staðlað eyðublað frá Lind hf. og báru sama númer, en á hinum síðari stendur orðið „skuldbreyting“ neðan við fyrirsögn og númer samningsins. Í báðum samningunum er vísað til sjálfskuldarábyrgðar gagnáfrýjanda sem tryggingu fyrir efdum leigutaka. Hvorugur samninganna ber þess merki að hafa verið kynntur gagnáfrýjanda. Staðhæfir hún, að sér hafi verið ókunnugt um efni beggja samninganna svo og gerð síðari samningsins.

II.

Aðaláfrýjandi reisir aðalkröfu sína á því, að sjálfskuldarábyrgð gagnáfrýjanda nái til samnings Lindar hf. við Guðmund Guðnason, svo sem efni samningsins var orðið samkvæmt áðurnefndu skjali frá 4. maí 1993.

Samkvæmt yfirlýsingu gagnáfrýjanda frá 15. apríl 1992 átti ábyrgð hennar, svo sem áður segir, að ná til ákveðinna skuldbindinga leigutaka samkvæmt leigusamningi fyrrnefndra aðila, sem þar er sagt, að hafi verið gerður sama dag, auk „skuldbreytinga, sem á samningnum kunna að verða“. Eftir yfirskrift skjalsins frá 4. maí 1993 á það,

eins og fyrr er lýst, að fela í sér skuldbreytingu, sem svo er nefnd, og hefur það jafnframt sama númer og upphaflegur samningur Guðmundar og Lindar hf. frá 15. maí 1992. Að öðru leyti en þessu ber efni skjalsins frá 4. maí 1993 á hinn bóginn ekki með sér slík tengsl við upphaflega samninginn, að það geti eingöngu talist fela í sér breytingu greiðsluskilmála. Er þannig í yngra skjalinu lýst til fullnaðar skilmálum um leigu þar greindrar hópferðabifreiðar, líkt og enginn samningur hefði áður verið á milli aðila um sama efni. Að auki er leigugjald talsvert hærra samkvæmt skjalinu frá 4. maí 1993 en í upphaflegum samningi og leigutími skemmri. Af hálfu aðaláfrýjanda hafa ekki verið gefnar viðhlítandi skýringar á tengslum þessara breytinga við upphaflega samninginn. Þegar þessara atriða er gætt, þykir verða að líta á ráðstöfun Guðmundar Guðnasonar og Lindar hf. 4. maí 1993 sem nýjan leigusamning. Yfirlýsing gagnáfrýjanda frá 15. apríl 1992 felur ekki í sér, svo að óyggjandi sé, ábyrgð á skuldbindingum Guðmundar samkvæmt nýjum samningi, þótt gerður sé um sama hlut og samningurinn frá 15. maí 1992. Verður aðalkrafa aðaláfrýjanda því ekki tekin til greina.

III.

Aðaláfrýjandi byggir varakröfu sína á því, að hann geti í skjóli ábyrgðaryfirlýsingar gagnáfrýjanda krafid hana um efndir skuldbindinga Guðmundar Guðnasonar samkvæmt upphaflegum samningi hans við Lind hf. frá 15. maí 1992.

Svo sem áður greinir, verður að líta á samning Guðmundar Guðnasonar og Lindar hf. frá 4. maí 1993 sem nýjan leigusamning um hópferðabifreiðina R 1542. Af því leiðir, að fyrri samningur þeirra um sömu bifreið frá 15. maí 1992 var þar með fallinn niður svo og sú ábyrgð, sem gagnáfrýjandi kann að hafa borið á efndum hans. Þegar af þeirri ástæðu verður varakröfu aðaláfrýjanda hafnað.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, að því er varðar sýknu gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Lind hf., kt. 610886-1679, Lágmúla 6, Reykjavík, á hendur Guðmundi Guðnasyni, kt. 050161-3829, Hávegi 15, Siglufirði, og Margréti Þóru Vilbergsdóttur, kt. 280838-3149, Víðiteigi 30, Mosfellsbæ, með stefnu, birtri 25. maí og 13. júní 1994.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða 8.162,185, 86 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá er gerð sú krafa, að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu.

I.

Tildrög máls og úgreiningsefni.

Hinn 15. apríl 1992 undirritaði stefnda Margrét Þóra Vilbergsdóttir eftirfarandi yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð: „Lind hf. [. . .] og Guðmundur Guðnason, kt. 050161-3829 [. . .], hafa gert með sér fjármögnunarleigusamning, dags. 15. 4. 1992. Samningurinn er um leigu á Mercedes Benz, árg. 1979, 53 sæta hópferðabíll, R-1542. – Samningurinn ber enga nafnvexti og er gerður til 60 mánaða. Til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á leigugreiðslum ásamt dráttarvöxtum, öllum innheimtukostnaði svo og öllum kostnaði, er til fellur vegna leigumunarins, gengur Margrét Þóra Vilbergsdóttir, kt. 280838-3149 [. . .] í sjálfskuldarábyrgð til loka leigutímans. Sjálfskuldarábyrgðin nær einnig til þeirra viðauka og skuldbreytinga, sem á samningnum kunna að verða. [. . .]“.

Hinn 15. maí 1992 undirritaði stefndi Guðmundur Guðnason sem leigutaki samning um fjármögnunarleigu, þar sem leigusali er stefnandi, Lind hf. Leigusali leigði leigutaka hópferðabifreið, „Mercedes Benz, árg. 1979, R-1542, 53 sæta FJ-143“. Umsamið leigugjald var ákveðið af viðmiðunarverði 5.666.085 kr., er uppfæra skyldi miðað við lánskjaravísitölu 3203 stig og greiða 2,44% af mánaðarlega eftir á, í fyrsta skipti 15. júní 1992, „breytilegt leigugjald: júní – maí '93 66.018 kr., jún. '93 – maí '97 165.43,00 kr. (?)“. Á hverjum gjalddaga skyldi leigutaki greiða framangreint leigugjald uppfært miðað við grunnvísitölu og gildandi vísitölu á gjalddaga, en vísitalan var ákveðin vísitala lánskjara, eins og hún yrði reiknuð út hverju sinni skv. lögum nr. 13/1979. Lok leigutíma voru ákveðin 15. maí 1997. Samningur

Þessi er ritaður á eyðublað frá stefnanda, þar sem almennir skilmálar eru prentaðir.

Hinn 4. maí 1993 undirritar stefndi Guðmundur Guðnason aftur samninga við stefnanda, Lind hf., um ofangreinda hópferðabifreið. Þessi nýja gerð tjáist vera „skuldbreyting“ á fyrri gerð aðila og ber sama númer, þ. e. 1-06-92-012-00, og var nú ákveðið, að leigugjaldið skyldi vera „mánaðarlega IKR 192.142,00“, eins og þar segir, af viðmiðunarverði, 6.862.215 kr., miðað við lánskjaravísitölu 3278 stig, og greiðast 2,80% mánaðarlega eftir á, í fyrsta skipti 15. maí 1993. Á hverjum gjalddaga skyldi leigutaki greiða framangreint leigugjald uppfært miðað við grunnvísitölu og gildandi vísitölu á gjalddaga, en vísitalan var ákveðin vísitala lánskjara, eins og hún yrði reiknuð út hverju sinni skv. lögum nr. 13/1979 eins og áður, en lok leigutíma voru nú ákveðin 15. apríl 1997. Þessi gerð er rituð á samhljóða eyðublað frá stefnda og fyrri gerð.

Ekki er andmælt staðhæfingu stefnanda í stefnu, að stefndi „Guðmundur lenti í vanskilum frá og með fyrsta gjalddaga 15. 5. 1993“. Og með bréfi 11. nóvember 1993 tilkynnti lögmaður stefnanda stefnda Guðmundi eftirfarandi: „...með vísan til ítrekaðra greiðsluáskorana, að fjármögnunarleigusamningi nr. 1-06-92-012-00 er sagt upp vegna stórfelldra vanefnda yðar, sbr. gr. 2.1. [Svohlj. innsk. dómara: – Inni leigutaki ekki af hendi tilskildar greiðslur á réttum gjalddögum eða [. . .], er leigusala þá heimilt að segja upp samningi þessum fyrirvaralaust. Leigutaki viðurkennir rétt leigusala og taka (sic) leigumuninn, hvar sem hann kann þá að vera niður kominn.]“

Uppgjör skv. gr. 2.2. samningsins er svofellt:

Gjaldfallin leiga (ÍSK)	kr.	1.205.811,85
Ógjaldfallin leiga uppreiknuð	kr.	6.351.145,01
Samtals	kr.	<u>7.556.956,86</u>

Ofangreinda skuld ásamt dráttarvöxtum og kostnaði við innheimtu ber yður að greiða innan tíu daga, sbr. gr 2.1. samningsins.

– [. . .].“

Grein 2.2., sem lögmaðurinn vísar til um uppgjör samnings, er svohljóðandi: Líði samningurinn undir lok af ástæðum, sem nefndar eru í grein 2.1., skal uppgjör milli aðila fara fram eins og hér segir:

- Leigutaki greiði leigusala alla ógreidda leigu, sem fallin er í gjalddaga fyrir uppsagnardag.
- Leigutaki greiði leigusala alla ógjaldfallna leigu fyrir það tímabil, sem eftir er af leigutímanum á uppsagnardegi.

c) Leigutaki skal greiða leigusala allt annað tjón, sem af vanskilunum leiðir, svo sem dráttarvexti, innheimtukostnað og annan útlagðan kostnað.

d) Frá skuld leigutaka skv. ofangreindu skal draga andvirði hins leigða. Miðað skal við endursöluverð leigumunar við afhendingu. Frá andvirði hins leigða skal fyrst draga allan kostnað, sem leigusali hefur af sölnunni, svo sem viðgerðir, þrif, söluþóknun o. fl.

– Leigusali hefur einnig heimild til að falla frá eignarrétti á hinu leigða og krefja um fullar efnidir skv. efni leigusamningsins. Í því tilviki ber ekki að draga frá andvirði hins leigða.

Móttaka leigusala á leigugjaldi, eftir að einhver sá atburður hefur átt sér stað, sem heimilar leigusala að binda enda á samning þennan, hefur engin áhrif á þann rétt. Móttekið „leigugjald“ skal renna til leigusala sem greiðsla upp í einhvern þann lið, sem nefndur er í gr. 2.2., allt eftir ákvörðun leigusala.

Í stefnu segir, að útlagður kostnaður stefnanda, sem stefndu beri að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins, sé sem hér segir:

3. 8. '93	Þungaskattur	kr.	200 .208
31. 8. '93	Bifreiðagjöld	–	13 .976
30. 11. '93.	Vextir á þungaskatt	–	9 .000
28. 2. '94	Bifreiðagjöld	–	18 .136
22. 4. '94	Þungaskattur	–	236 .774
4. 5. '94	Stjórnun & eftirlit	–	18 .426
5. 5. '94	Skandia – bifreiðatrygg.	–	108 .709
	Samtals	kr.	<u>605 .229</u>

Þá segir, að 29. apríl 1994 hafi „leigumunir“ verið teknir úr vörslum stefnda, en 28. s. m. hafi verðmæti þeirra verið metið í samræmi við grein 2.2. í leigusamningnum, og hafi Stjórnun & eftirlit hf., verkfræðistofa, unnið matið; leigumunur hafi verið seldur á grundvelli matsins og söluverðið fært sem innborgun inn á kröfuna í samræmi við leigusamning. Síðan segir, að skuld stefnda sé reiknuð samkvæmt grein 2.2. samningsins þannig „miðað við uppsagnardag“:

Gjaldfallnar greiðslur	kr.	1.205.811,85
Ógjaldfallin leiga	–	6.351.145,01
Gjaldfallnir reikningar	–	605.229,00
Innborgað	–	<u>4.200.000,00</u>
Samtals eftirstöðvar:	kr.	<u>3.962.185,86</u>

Hinn 14. febrúar 1994 gaf stefndi Guðmundur Guðnason út „Tryggingarbréf“ til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuld, allt að fjárhæð 2.500.000 kr., „hvort sem það er höfuðstóll, dráttarvextir, innheimtukostnaður, réttargjöld, málflutningslaun o. fl. eða annað, að engu undanskildu, eftir reikningi veðhafa samkvæmt fjármögnunarleigusamningi við Lind hf. nr. 1-06-92-012-00, er ég, Guðmundur Guðnason, hef undirritað sem leigutaki. Veðset ég hér með Lind hf., kt. 610886-1679, Lág múla 6, Reykjavík, fólksflutningabifreiðina J-500, fastnr. BZ-113, sem er Mercedes-Benz 302, árgerð 1979. – Jafnframt tekur veðsetningin til skuldbreytinga á ofangreindum samningi[...]“.

Við skuldbreytinguna 4. maí 1993 kveðst stefndi Guðmundur hafa greitt stefnanda um það bil 600.000 kr., en engu að síður hafi viðmiðunarverð samningsins hækkað um tæpar 1.200.000 kr., úr 5.666.085 kr. í 6.862.215 kr. Þá segir í greinargerð stefndu, að umræddur leigumunur hafi verið tekinn úr vörslum stefnda Guðmundar tæpu ári eftir skuldbreytingu og seldur í kjölfarið á 4.200.000 kr., sem sé talsvert lægri fjárhæð en viðmiðunarverðið sé skv. samningnum, og hafi stefndu ekki verið gefinn kostur á að andmæla söluverðinu né tækifæri til að takmarka tjón sitt með öðrum hætti.

Af hálfu stefndu Margrétar er á það bent, að ábyrgðaryfirlýsing hennar sé dagsett 15. apríl 1992 til tryggingar greiðslu á fjármögnunarleigusamningi stefnanda og stefnda Guðmundar Guðnasonar, dagsettum sama dag.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína á almennum reglum kröfuréttar um fjármögnunarleigusamninga og þeirri grundvallarreglu samningaréttar, að samninga beri að halda, en ekki sé deilt um, að stefndi Guðmundur Guðnason hafi vanefnt samningsskyldu sína og að stefnda Margrét Þóra Vilbergsdóttir hafi skrifað upp á sjálfskuldarábyrgð til tryggingar leigugreiðslum, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði og öllum öðrum kostnaði, er kynni að falla til vegna vanefnda samningsins. Þá kveðst stefnandi styðja kröfu um dráttarvexti lögum nr. 25/1987, einkum 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 14. gr. laganna, sbr. lög nr. 67/1989, en kröfu um málskostnað 129. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnanda er staðhæft, að ekki sé grundvöllur skv. ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, að víkja til hliðar í heild eða breyta samningi aðila, eins og stefndu krefjist, þar eð staða samningsaðila, atvik við samningsgerð og síðari skipti þeirra gefi ekkert tilefni til þess,

a. m. k. verði sá, er haldi öðru fram, að sýna fram á það með haldbærum gögnum og rökum.

III.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Orðrétt segir m. a. í greinargerð stefndu: „Stefndu byggja bæði aðal- og varakröfur sínar á því, að samningur sé bersýnilega ósanngjarn gagnvart leigutaka og þá sérstaklega uppgjörskvæði hans í grein 2.2. og víkja beri því frá samningnum að hluta eða öllu leyti með hliðsjón af 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986. – Umræddur leigumunur er tekinn úr vörslum stefnda Guðmundar tæpu ári eftir skuldbreytingu og seldur í kjölfarið á 4.200.000 kr., sem er talsvert lægri fjárhæð en viðmiðunarverð er skv. samningnum. Stefndu er ekki gefinn neinn kostur á að andmæla söluverðinu eða reyna að takmarka tjón sitt með einhverjum hætti. Réttindi leigutaka eða ábyrgðaraðila eru engin skv. samningnum, sem hafa mikla hagsmuni, svo sem af endursöluverði á leigumun. – Í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, segir, að við mat á 1. mgr. skuli m. a. líta til efnis samningsins og stöðu samningsaðila. Áðurnefnt ákvæði greinar 2.2. samningsins heimilar stefnanda að standa að uppgjóri aðila, eins og fram kemur í stefnu, og telji stefndu það bæði ósanngjarn og andstætt góðum viðskiptavenjum og telja ógildingarákvæði 36. gr. samningalaganna eiga við um þetta ákvæði samningsins. Samningur þessi leggur einungis leigutaka skyldur á herðar, og öll réttindi eru stefnanda. Þessir samningsskilmálar eru staðlaðir og samdir af stefnanda, sem hefur yfirburðastöðu við samningsgerð. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 11/1986 kemur fram, að aðalhvattinn að lögfestingu hinnar alm. ógildingarreglu 36. gr. er sá að treysta stöðu neytenda og annarra, sem ætla má, að hafi lakari stöðu í réttarsambandinu. – Einnig telur stefnda Margrét, að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingin geti ekki tekið til skuldbreytinga, eins og stefnt er út af í málinu. Við skuldbreytingu er gerður nýr samningur, sem stefndu Margréti er ekki kynntur og er öðruvísi að efni til. Engar fjárhæðir eru tilgreindar í dóm-skjali nr. 4 (þ. e. yfirlýsingu Margrétar um sjálfskuldarábyrgð, – innsk. dómara), og hér er um að ræða talsvert hærri viðmiðunarfjárhæð en í upphaflegum samningi frá 15. maí 1992. Stefndu Margréti er aldrei tilkynnt um vanskil samnings stefnanda og stefnda Guðmundar né gefinn kostur á að takmarka tjón sitt sem ábyrgðarmaður samningsins. Það verður því að teljast ósanngjarn með hliðsjón af 36. gr. samningalaga og sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni, eins og efni hennar er, að stefnandi geti krafið hana um greiðslu skv. samningnum ...“

Stefndu reisa kröfu um málskostnað á grundvelli 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstæða.

Stefndu andmæla uppgjörsákvæði samningsins, en það er orðrétt rakið hér að framan, þar sem þau telja ósanngjarnt og andstætt góðum viðskiptavenjum að hafa ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við endursölu leigumunar. Þá hafi stefnandi neytt yfirburðastöðu sinnar við samningsgerð aðila, sem best lýsi sér í stöðluðum ákvæðum samningsins frá hendi stefnanda, er leysi stefnanda frá allri áhættu jafnframt því að leggja ómældar skyldur á herðar leigutaka, ef hann gerist sekur um vanefnd á ákvæðum samningsins.

Við upphaflegan samning stefnda Guðmundar Guðnasonar og stefnanda, Lindar hf., 15. maí 1992 greiðir stefnandi fyrir u. þ. b. þrettán ára gamla hópferðabifreið 5.500.000 krónur og selur Guðmundi á leigu til 15. maí 1997 gegn leigugjaldi að fjárhæð 5.666.085 krónur yfir allan leigutímann, eins og nánar segir í samningnum. Hinn 29. apríl 1994 er bifreiðin tekin úr vörslum Guðmundar og síðan seld á 4.200.000 kr. Þessi munur á kaupverðinu 15. maí 1992 og söluverðinu tæpum tveimur árum síðar getur ekki talist óeðlilegur, og hefur stefndi ekki sýnt fram á með matsgerð eða öðrum gögnum, að svo sé. Að öðru leyti hefur Guðmundur ekki heldur sýnt fram á, að samningur hans við stefnanda um fjármögnunarleigu sé andstæður góðum viðskiptavenjum á því sviði né að hann hafi ekki haft þá þekkingu til að bera, að hann gerði sér grein fyrir þeim skuldbindingum, sem hann með samningnum gekkst undir. Þá hefur ekki verið leitt í ljós, að aðstæður stefnda Guðmundar, eftir að samningurinn var gerður, séu slíkar, að víkja beri samningnum til hliðar í heild eða að hluta af þeim ástæðum.

Eins og rakið er hér að framan, skrifaði stefnda Margrét Þóra Vilbergsdóttir undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð 15. apríl 1992. Þar er ekki getið þeirrar fjárhæðar í tölum, sem ábyrgst er greiðslu á, en vísað til fjármögnunarleigusamnings, dags. 15. 4. 1992, er stefnandi og stefndi Guðmundur hafi gert með sér. Á þessari yfirlýsingu reisir stefnandi kröfu sína til stefndu Margrétar um greiðslu vanefndaviðurlaga skv. fjármögnunarleigusamningi stefnanda og stefnda Guðmundar frá 4. maí 1993, sem er svonefnd skuldbreyting á samningi sömu aðila frá 15. maí 1992. Ekkert hefur gegn andmælum Margrétar komið fram í málinu um vitneskju hennar um efni samninga fyrrgreindra aðila umfram það, sem fram kemur í yfirlýsingu hennar sjálfar 15. apríl 1992, að því undanskildu, að hún skrifaði undir tryggingarbréf sem vottur 14. febrúar 1994, er tengist viðskiptum Guðmundar við Lind hf. Þá bendir ekkert til þess, að stefndu Margréti hafi verið gefinn kostur á að greiða umsamið leigugjald, áður en stefnandi greip til

þeirra vanefndaúrræða, sem samningur hans um fjármögnunarleigu við stefnda Guðmund bauð upp á.

Að virtum þessum aðstæðum og með vísun til ákv. 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, telst yfirlýsing Margrétar frá 15. apríl 1992 um sjálfskuldarábyrgð á efndum stefnda Guðmundar á fjármögnunarleigu-samningi við stefnanda Lind hf. ekki binda hana til greiðslu á stefnukröfum, sem reistar eru á fjárhæðum og vanefndaúrræðum samnings frá 4. maí 1993, enda þótt í yfirlýsingu Margrétar segi m. a., að ábyrgðin nái „einnig til þeirra viðauka og skuldbreytinga, sem á samningnum kunni að verða“.

Samkvæmt framangreindu verður stefnda Guðmundi Guðnasyni gert að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð með vöxtum, en ekki er tölulegur ágreiningur í málinu. Þá er rétt að verða við kröfu um staðfestingu á veðrétti, enda hefur þeim hluta kröfugerðar stefnanda ekki verið mótmælt sérstaklega. Hins vegar ber að sýkna stefndu Margrétu Þóru Vilbergsdóttur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi Guðmundur Guðnason, kt. 050161-3829, greiði stefnanda, Lind hf., kt. 610886-1679, 8.162.185,86 kr. auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta á ári skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 3. 8. 1993 af 200.208 kr. til 31. 8. 1993, frá þ. d. af 214.184 kr. til 11. 11. 1993, frá þ. d. af 7.771.140,86 kr. til 30. 11. 1993, frá þ. d. af 7.780.140,86 kr. til 28. 2. 1994, frá þ. d. af 7.798.276,86 kr. til 22. 4. 1994, af 8.035.050,86 kr. til 4. 5. 1994, frá þ. d. af 8.053.476,86 kr. til 5. 5. 1994, en frá þ. d. af 8.162.185,86 kr. til greiðsludags, allt að frádregnum 4.200.000 kr., en dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. 12. gr. laga nr. 25/1987. Viðurkenndur er veðréttur stefnanda skv. tryggingarbréfi, dags. 14. febrúar 1994, í fólksflutningabifreiðinni BZ 113, sem er Mercedes Benz 302, árg. 1979.

Stefnda Margrét Þóra Vilbergsdóttir, kt. 280838-3149, skal vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.